

ÁRSSKÝRSLA 2016



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Starfsemi SSV árið 2016	3
Aðalfundur SSV	3
Haustþing SSV	4
Stjórn SSV	5
Skrifstofa SSV	6
Samstarf og hagsmunagæsla	7
Fræðsla og upplýsingamiðlun	8
Samgönguáætlun Vesturlands	8
Sóknaráætlun Vesturlands	10
Uppbyggingarsjóður	11
Áhersluverkefni	12
Atvinnuráðgjöf	14
Almenningssamgöngur	18
Þjónustusvæði Vesturlands	20
Vesturlandsstofa 2016	22
Landshlutamiðstöð Vesturlands	22
Útgáfumál	22
Ferðasýningar	22
Samstarf Markaðsstofanna	23
Uppskeruhátíð	23
Heimsóknir erlendra blaðamanna	23
Vegvísir í ferðaþjónustu (DMP)	24
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi	24
Viðauki: Styrkir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands 2015	25
Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir	25
Stofn og rekstrarstyrkir	26
Menningarstyrkir	27



INNGANGUR

Í samræmi við lög SSV ber að leggja fram ársskýrslu um starfsemina á aðalfundi ár hvert. Starfsmenn SSV hafa unnið að því undanfarið að taka saman þá skýrslu sem hér er lögð fram. Það er von okkar að skýrslan gefi glögga mynd af þeim verkefnum sem SSV sýslar með og verði sveitarfélögum, fyrirtækjum, stofunum, hagsmunasamtökum og einstaklingum góð heimild um starfsemina. Tilgangurinn með útgáfu á skýrslu sem þessari er líka að fræða og miðla þekkingu á þeim verkefnum sem unnin eru á vettvangi landshlutasamtaka, gera þær upplýsingar aðgengilegri og stjórnsýsluna gegnsærri og opnari.





STARFSEMI SSV ÁRIÐ 2016

Starfsemi SSV var um flest í föstum skorðum á árinu 2016 og lítið um breytingar. Sóknaráætlun Vesturlands er orðin eitt af stærstu verkefnum samtakanna og tekur töluverðan tíma starfsmanna. Segja má að allir starfsmenn komi í dag með einum eða öðrum hætti að verkefnum sóknaráætlunar. Önnur helstu verkefni SSV eru:

- ✓ Atvinnuráðgjöf
- ✓ Rekstur almenningsgangna
- ✓ Umsýsla með málefnum fatlaðra
- ✓ Umsjón með rekstri Sorpurðunar Vesturlands
- ✓ Aðkoma að rekstri Vesturlandsstofu.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu verkefnum SSV.

AÐALFUNDUR SSV

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 6. apríl. Þetta var í samræmi við lagbreytingu sem kvað á um að aðalfundur skyldi haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert og málþing að hausti. Verkefni aðalfundar er því fyrst og fremst að gera upp undangengið ár, en verkefni haustþings að móta stefnu fyrir komandi ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Reynslan síðustu þriggja ára sýnir að markmiðið með þessum breytingum, að tryggja betra upplýsingaflæði og betri mætingu á aðalfundi tengdra aðila, er að ganga eftir.

Á aðalfund SSV mættu um 35 fulltrúar og gestir. Formaður SSV Ingveldur Guðmundsdóttir flutti skýrslu stjórnar og Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning samtakanna. Eftir fyrirspurnir og umræðu samþykkti fundurinn ársskýrslu og ársreikning.

HAUSTÞING SSV

Haustþing SSV fór fram á Hótel Stykkishólmi 5. október. Alls sátu fundinn milli 50 og 60 manns, bæði fulltrúar og gestir. Fjöldi gesta sátu fundinn og má þar nefna innanríkisráðherra, ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðar, þingmenn úr Norðvesturkjördæmi, starfsmenn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og gestir sem tóku þátt í pallborðsumræðum.

Á fundinum voru lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum fyrir árið 2017 og voru báðar tillögurnar samþykktar án breytinga. Fundarmenn störfuðu síðan í fjórum vinnuhópum:

- ✓ Fjárhagsnefnd
- ✓ Samgöngunefnd
- ✓ Atvinnumála- og umhverfisnefnd
- ✓ Nefnd um opinbera þjónustu

Í lok fundar lögðu þessar nefndir fram sínar ályktanir sem hlutu samþykki fundarins. Ávörp gesta fluttu Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrir hönd þingmanna kjördæmisins og Guðjón Bragason sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.





Sérstakt þema fundarins var ferðaþjónusta og því var efnt til pallborðsumræðna um málefnið.

Í pallborði sátu eftirfarandi:

Skapti Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar
Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Landnámsseturs
Guðjón Bragason, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Hrafnhildur Víglundsdóttir, Ferðamálastofu
Kristín Björg Árnadóttir, formaður SSV

Líflegar umræður urðu um ferðaþjónustuna þar sem flestir fundarmanna og gestir tóku þátt.

STJÓRN SSV

Stjórn SSV sem kosin var á aðalfundi 2016 starfar næstu tvö árin eða fram að haustþingi 2018.

Í stjórn SSV á árinu 2016 sátu:

Kristín Björg Árnadóttir, formaður,	Snæfellsbæ (<i>Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður fram að aðalfundi</i>)
Rakel Óskarsdóttir, varaformaður	Akranesi
Hilmar Hallvarðsson	Helgafellssveit (<i>Sif Matthíasardóttir fram að aðalfundi</i>)
Hafdís Bjarnadóttir	Stykkishólmi
Eypór Garðarsson	Grundarfirði
Ingveldur Guðmundsdóttir	Dalabyggð
Eggert Kjartansson	Eyja- og Miklaholtshreppi
Magnús Smári Snorrason	Borgarbyggð (<i>Björn Bjarki Þorsteinsson fram að aðalfundi</i>)
Guðveig Eyglóardóttir	Borgarbyggð
Árni Hjörleifsson	Skorradalshreppi
Ása Helgadóttir	Hvalfjarðarsveit (<i>Björgvin Helgason fram að aðalfundi</i>)
Valgarður L. Jónsson	Akranesi

Stjórn SSV hélt alls 6 fundi á árinu, en fundirnir fór fram á Akranesi, í Hrísakoti í Helgafellssveit, að Fitjum í Skorradal, í Búðardal, Stykkishólmi og Borgarnesi. Nú hefur náðst það markmið stjórnar að funda í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi á árunum 2015-2016. Í tengslum við



stjórnarfundir hafa fundarmenn fengið kynningar á starfsemi sveitarfélaganna og því sem efst er á baugi á hverjum stað.

SKRIFSTOFA SSV

Hlutverk skrifstofu SSV er að halda utan um verkefni sem SSV eru falin með lögum en auk þess er SSV falið með samningum og samþykktum að sinna eftirfarandi verkefnum:

- ✓ Samþykktir um þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra
- ✓ Samningur sem SSV hefur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf
- ✓ Samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands
- ✓ Samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur

Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunar Vesturlands árið 1999 haldið utanum rekstur félagsins. Í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni, auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu. Loks hefur fjármálastjóri SSV haldið utan um umsýslu fjármála fyrir Vesturlandsstofu.

Litlar breytingar urðu á starfsmannahaldi SSV árið 2016. Einar Eyjólfsson atvinnuráðgjafi var í námsleyfi og kom til starfa í júlímánuði. Einar lét síðan af störfum í ágúst, en hann flutti erlendis. Í desember kom Ólöf Guðmundsdóttir til starfa sem atvinnuráðgjafi, en hún var valin úr hópi 28 umsækjenda. Sædís B. Þórðardóttir kom til starfa hjá SSV í sérverkefni sumarið 2016 og er verkefni hennar hluti af endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Vesturlands. Í árslok 2016 eru 8 fastir starfsmenn hjá SSV í samtals 6.7 stöðugildum.

- | | |
|---|-----------------|
| ✓ Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri | 100% stöðugildi |
| ✓ Anna Steinsen, skrifstofustjóri | 90% stöðugildi |
| ✓ Hrefna B. Jónsdóttir, fjármálastjóri og framkv.stjóri Sorpurðunar | 80% stöðugildi |
| ✓ Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi | 60% stöðugildi |
| ✓ Ólafur Sveinsson, forstöðumaður atvinnuráðgjafar | 50% stöðugildi |
| ✓ Vífill Karlsson, atvinnuráðgjafi | 90% stöðugildi |
| ✓ Margrét Björk Björnsdóttir, atvinnuráðgjafi | 100% stöðugildi |
| ✓ Ólöf Guðmundsdóttir, atvinnuráðgjafi | 100% stöðugildi |

SAMSTARF OG HAGSMUNAGÆSLA

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti og hér á eftir eru talin upp helstu verkefni vegna þessa á árinu 2016:

- Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu þrjá fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu, en þau landshlutasamtök sem eru í forsvari viðkomandi ár taka málefni sameiginlegra funda upp með viðeigandi stjórnvöldum.
- Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendi frá sér umsagnir um nokkur mál og má þar nefna frumvarp um almenningssamgöngur og frumvarp um samgöngu-áætlun, en framkvæmdastjóri SSV sótti fund umhverfis- og samgöngunefndar vegna umfjöllunar um þessi mál. Auk þess áttu starfsmenn SSV fundi með ráðuneytum og ríkisstofunum vegna ýmissa mála. Ekki varð af hefðbundnum þingmannafundi haustið 2016 vegna alþingiskosninga.
- Formaður SSV átti sæti í samstarfsnefnd EFTA um sveitarstjórnarmál fram á sumar 2016. Hann sótti því sumarfund ráðsins sem að þessu sinni fór fram í Stykkishólmi.



FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

Annað af markmiðum SSV er að stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna. Því skipulagði og stýrði SSV fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa til Noregs í apríl. Alls fóru 16 fulltrúar í ferðina, auk þess sem einn fulltrúi kom frá innanríkisráðuneytinu.



Tilgangur ferðarinnar var að fræðast um sveitarstjórnar- og byggðamál í Noregi, en sérstök áhersla var lögð á að fræðast um verkefni Norðmanna um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Farið var í heimsókn til Sambands sveitarfélaga í Noregi (Kommunenenes sentralforbund), Ullensaker kommune, Háskólans í Lillehammer, Oppland fylkeskommune, Fagforbunnet (BSRB) og Viðskiptaháskólans í Osló. Ferðin stóð yfir í fimm daga og tókst í alla staði vel.

Á árinu 2016 var unnið að gerð nýrrar heimasíðu fyrir SSV og var hún tekin í notkun í byrjun árs 2017.

SAMGÖNGUÁÆTLUN VESTURLANDS

Snemma árs hófst vinna við Samgönguáætlun Vesturlands. Sveitarfélögin á Vesturlandi tilnefndu fulltrúa í vinnuhóp um áætlunina. Í vinnuhópnum voru sjö fulltrúar og var Gísli Gíslason, hafnarstjóri formaður hópsins. Hópurinn hélt sex fundi og fundaði m.a. með fulltrúum Vegagerðarinnar, Vesturlandsstofu og Degi Eggertssyni borgarstjóra. Tillaga að



samgönguáætlun var lögð fyrir Haustþing SSV í október. Þingið samþykkti að vísa tillögunni til umsagnar sveitarfélaganna. Stjórn fór yfir umsagnar og samþykkti síðan áætlunina formlega í byrjun árs 2017.

TILLAGA VINNUHÓPS AÐ

Samgönguáætlun Vesturlands 2017–2029



SEPTEMBER 2016



SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

Árið 2015 var undirritaður samningur á milli stjórnvalda og SSV um að samtökin hefðu umsjón með og sæju um framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2015-2019. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér:

- ✓ Stofnun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands
- ✓ Mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland
- ✓ Útfærsla og vinna við sérstök áhersluverkefni fyrir landshlutann

Stjórn SSV (12 fulltrúar) skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 18 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi, menningarlífi og öðrum haghöfum. Upphaflega voru 22 fulltrúar í vettvanginum, en vorið 2016 var þeim fjölgað í 30. Samráðsvettvangur fundaði tvisvar á árinu, fyrri fundurinn var á Hvanneyri í maí og sá seinni í Stykkishólmi í október. Fulltrúar Byggðastofnunar sóttu báða fundina til viðræðna um byggðaáætlun fyrir árin 2017-2023. Auk þess að ræða byggðaáætlun ræddi vettvangurinn framgang Sóknaráætlunar sem og ný áhersluverkefni fyrir árið 2017.

Fjárveitingar til Sóknaráætlunar Vesturlands komu frá stjórnvöldum og sveitarfélögum á Vesturlandi. Ráðuneyti lagði til 70.471.028 kr. til Sóknaráætlunar Vesturlands auk þess sem sveitarfélög á Vesturlandi lögðu fram 11.824.500 kr. Að teknu tilliti til vaxtatekna hafði því Sóknaráætlun til umráða kr.82.807.879 kr. auk uppsafnaðs eigin fjár frá fyrri árum.

Mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Sóknaráætlun Vesturlands lauk haustið 2015 og var notuð sem leiðarljós við vinnu við Sóknaráætlun Vesturlands árið 2016.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR

Uppbyggingarsjóður úthlutar styrkjum til menningarverkefna og nýsköpunar í atvinnulífi. Í stjórn Uppbyggingarsjóð Vesturlands eru:

- ✓ Helga Guðjónsdóttir, formaður
- ✓ Rakel Óskarsdóttir
- ✓ Sveinn Pálsson
- ✓ Jenný Lind Egilsdóttir
- ✓ Hallfreður Vilhjálmsson

Sérstakt fagráð starfar í menningarmálum, en það vinnur tillögu að úthlutun menningarstyrkja í samráði við menningarfulltrúa. Atvinnuráðgjafar SSV vinna mat á umsóknum vegna úthlutunar styrkja til nýsköpunar í atvinnulífi. Í fagráði menningarmála eru:

- ✓ Helena Guttormsdóttir
- ✓ Sigríður Finsen
- ✓ Jónella Sigurjónsdóttir

Á árinu 2016 hafði Uppbyggingarsjóður Vesturlands alls 56.450.00 til umráða og úthlutaði þessari fjárhæð til 114 verkefna. Styrkveitingar skiptust þannig:

✓ Menningarstyrkir	65 styrkir	21.450.000 kr.
✓ Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála	12 styrkir	7.300.000 kr.
✓ Styrkir til nýsköpunar í atvinnumál	37 styrkir	27.700.000 kr.



ÁHERSLUVERKEFNI

Áhersluverkefni eiga öll upphaf sitt í aðgerðaráætlun Sóknaráætlunar. Á árinu 2016 var unnið að fimm verkefnum á Vesturlandi, skipaðar voru verkefnisstjórnir fyrir öll verkefnin og gerðir samningar um verkefnisstjórn við ákveðna aðila. Verkefnin og verkefnistjórar voru þessi:

➤ FJÖLGUN IÐNNEMA Á VESTURLANDI

Verkefnisstjóri: Hekla Gunnarsdóttir - Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Helstu verkþættir:

- ✓ *Tæknimessa:* Kynning á iðnfyrirtækjum og iðnmenntun á Vesturlandi. Um 600 grunnskólanemendur úr skólum á Vesturlandi tóku þátt.
- ✓ *Tæknistoðir:* Stuðningur við Símenntunarmiðstöð Vesturlands vegna skipulags og umsjónar með námi fyrir ófaglærða aðila sem vinna við iðnaðarstörf.
- ✓ *Nám í Megatronic:* Stuðningur við FVA vegna undirbúnings að stofnun nýrrar námsbrautar við skólann.



➤ EFLING MENNTUNAR Í FERÐAÞJÓNUSTU OG MATVÆLAFRAMLEIÐSLU

Verkefnisstjórn Signý Óskarsdóttir - Háskólinn á Bifröst

Helstu verkþættir:

- ✓ Samantekt yfir framboð náms fyrir ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu
- ✓ Þarfagreining á stöðu þekkingar starfsmanna í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu
- ✓ Vinna að námskeiðum fyrir ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu
- ✓ Kynning náms í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu haustið 2016
- ✓ Sögulóðs, tilraunaverkefni á Snæfellsnesi í menntun leiðsögumanna/lóðsa

➤ MENNINGARSTEFNA VESTURLANDS

Verkefnisstjóri: *Elísabet Haraldsdóttir - SSV og ráðgjafi var Environice*

Helstu verkþættir:

- ✓ Menningarstefna Vesturlands 2016-2019



➤ EFLING FERÐAÞJÓNUSTU Á VESTURLANDI.

Verkefnisstjóri *Kristján Guðmundsson - Vesturlandsstofa*

Helstu verkþættir:

- ✓ Samantekt á gögnum um heimsóknir ferðamanna og viðhorf þeirra til Vesturlands
- ✓ Átak í markaðssetningu

➤ NÝSKÖPUN OG FRUMKVÖÐLAR.

Verkefnisstjóri *Ólafur Sveinsson - SSV*

Helstu verkþættir:

- ✓ Stuðningur við eflingu Fab-labs á Akranesi
- ✓ Stuðningur við stofnun nýsköpunarseturs
- ✓ Námskeið fyrir grunnskólakennara í frumkvöðlafræði sem veitir þeim þekkingu til að standa fyrir frumkvöðlasmiðjum innan skólanna.

Verkefnunum um *Menningarstefnu Vesturlands* og *Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu* lauk árið 2016. Ákveðið var að framlengja verkefnið um *Eflingu ferðaþjónustu* og verkefnunum um *Nýsköpun og frumkvöðla* og *Fjölgun iðnnema* var steypt saman í eitt verkefni sem unnið verður áfram með árið 2017.



ATVINNURÁÐGJÖF

Við atvinnuráðgjöf SSV störfuðu lengst af þrír starfsmenn á árinu 2016, en fjórði atvinnuráðgjafinn var ráðinn til starfa í nóvember. Í árslok voru því stöðugildi 3,4.

Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum, en í gegnum þann samning kom rúmlega 25 m.kr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind. Þau eru eftirtalin:

✓ ATVINNU - OG BYGGÐAÞRÓUN

Í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum og áherslur Sóknaráætlunar Vesturlands. Leitar eftir samstarfi við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum.

✓ ATVINNURÁÐGJÖF

Atvinnuráðgjöf veiti aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Veiti upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vöru eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.

✓ NÝSKÖPUN

Atvinnuráðgjöf vinni verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.

✓ BÚSETUÞÆTTIR

Atvinnuráðgjöf vinni í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu eflingu búsetuþátta.

✓ UPPLÝSINGAÖFLUN

Atvinnuráðgjöfin skal hafa góða heildarsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.

✓ ENDURMENNTUN, SAMSTARF O.FL.

Atvinnuráðgjöfin skal leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðaðróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á félaganna.

Samkvæmt þessari upptalningu er hlutverk atvinnuráðgjafar umfangsmikið og fjölþætt og því ljóst að forgangsraða verður verkefnum og leitast hefur verið eftir að fylgja þeim meginlínunum sem þarna eru settar. Á árinu 2016 fóru forstöðumaður atvinnuráðgjafar og framkvæmdastjóri SSV og funduðu með fulltrúum allra sveitarfélaga um áherslur og verkefni atvinnuráðgjafar SSV. Þar kom fram að sveitarfélögin leggja ríka áherslu á að atvinnuráðgjöfin sé sveigjanleg og geti brugðist skjótt við þeim aðstæðum sem upp koma hverju sinni, auk þess sem áhersla var lögð á að auka sýnileika ráðgjafarinnar.



Hér fyrir neðan má sjá sýnishorn af þeim verkefnum sem Atvinnuráðgjöf Vesturlands vann að á síðasta ári. Þessi listi er ekki tæmandi og t.d. eru nánast engin verkefni fyrir einstaklinga tíunduð í þessari upptalningu, meðal annars vegna þess að mikill trúnaður verður að vera milli þess sem leitar eftir þjónustunni og Atvinnuráðgjafarinnar.

Helstu verkefni Atvinnuráðgjafar árið 2016:

➤ ÞÁTTTAKA OG AÐKOMA AÐ VERKEFNUM



- ✓ Ýmis ráðgjöf varðandi nettengingar í dreifðum byggðum
- ✓ Ljósleiðari í Borgarfirði – skoðanakönnun
- ✓ Utanumhald og umsjón með úthlutunum úr Uppbyggingarsjóði á sviði atvinnu og nýsköpunar
- ✓ Ráðgjöf við skipulag á samstarfi sveitarfélaga á Snæfellsnesi
- ✓ Seta í verkefnisstjórnnum Sóknaráætlunarverkefna
- ✓ Svæðislóðs á Snæfellsnesi
- ✓ Gestastofa í Breiðabliki
- ✓ Ráðgjöf og aðstoð vegna byggðapróunarverkefna
- ✓ Sögufylgjur
- ✓ Stefnumótun og umsýsla vegna aðgengis ferðamannastaða
- ✓ Undirbúningur Matarsmiðju
- ✓ Áhrif ferðaþjónustu á fjárhag sveitarfélaga. Verkefni unnið fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga



- ✓ Íbúakönnun á Vesturlandi og aðstoð við framkvæmd íbúakönnunar á Norðurlandi vestra og á Reykjanesi.
- ✓ Fasteignamarkaðurinn á landsbyggðinni. Verkefni stutt af Byggðastofnun
- ✓ Rekstraráætlun fyrir lífdísilsverksmiðju. Verkefni unnið fyrir Samgöngustofu
- ✓ Skýrsla um markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings – Unnið með RHA
- ✓ Skýrsla um ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla og áhrif þess á byggðafestu – Unnið með RHA
- ✓ Fyrirtækjakönnun á Vesturlandi, lögð fyrir haustið 2016
- ✓ Áhrif Hvalfjarðarganga á rekstur ríkissjóðs – ekki lokið
- ✓ Akvegir á Vesturlandi – tölfræði inn í samgönguáætlun Vesturlands
- ✓ Atvinnuráðgjafar hafa setið í eftirtöldum fagráðum
 - Norrænn Thinktank í byggðamálum
 - Þolmörk ferðapjónustu - Stjórnstöð ferðamála
 - Ráðgjafaráð um framtíð sveitarstjórnarstigsins

➤ ÚTGEFIÐ EFNI

- ✓ Tölfræði um Vesturland. Uppfært jafnt og þétt allt árið eftir því sem upplýsingar breytast.
- ✓ Þörf á menntuðu vinnuafli . Glefsa, 22. september, 2016
- ✓ Ljósleiðari í Borgarbyggð. Skoðanakönnun, 22. ágúst, 2016
- ✓ Umferð og ástand vega á Vesturlandi. Hagvísir, 22. júlí, 2016
- ✓ Væntingar fyrirtækja á Vesturlandi. Glefsa, 22. júní, 2016
- ✓ Af aðstæðum fyrirtækja á Vesturlandi. Glefsa, 22. apríl, 2016





Fyrir utan þau verkefni sem að ofan eru talin hefur verið töluverð eftirspurn eftir þjónustu frá einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum, varðandi atvinnumál af margvíslegum toga, allt frá einföldum fyrirspurnum til vinnslu verkefna. Sérstaklega hefur verið mikil eftirspurn, eðli málsins samkvæmt, eftir verkefnum tengd ferðaþjónustu, sem tengist að sjálfsögðu hinum mikla vexti í þeirri atvinnugrein.

Verkefni eru mismunandi eftir svæðum og einnig hverjir leita til Atvinnuráðgjafar, en á síðastliðnu ári var nokkuð um að sveitarfélög leituðu til atvinnuráðgjafar með smá og stór verk. Einstaklingar og fyrirtæki hafa alla tíð sótt þjónustu til Atvinnuráðgjafar en framhald var á því á síðasta ári að einstaklingar með hugmyndir um nýsköpun leituðu þangað. Aðal eftirspurnin í þeim verkefnum sem leitað er eftir aðstoð með er ráðgjöf um fjármögnun og gerð umsókna, umsýslu vegna styrkja og umsókna svo og ráðgjafar vegna starfsleyfa.

Framhald hefur verið á viðveruþjónustu á öllum þéttbýlisstöðum svæðisins, auk þess sem leitast er við að bregðast við beiðnum frá hverjum stað utan viðverutíma, þannig að þjónustustigið á svæðinu öllu er nokkuð gott.

Þessu til viðbótar hefur Atvinnuráðgjöfin aflað sértekna með vinnslu á verkefnum fyrir aðila eins og t.d. ráðuneyti, opinberar stofnanir, hagsmunasamtök, rannsóknastofnanir og háskóla sem leita til atvinnuráðgjafa vegna þeirrar þekkingaruppbyggingar og rannsóknarverkefna sem unnin hafa verið hjá Atvinnuráðgjöf á undanförunum árum. Þessi þáttur fór vaxandi á síðasta ári.

Aðkoma Atvinnuráðgjafar að sóknaráætlunum og verkefnum henni tengdum eru töluverð en atvinnuráðgjafar sátu í verkefnisstjórnnum einstakra verkefna. Fyrirspurnir og erindi til Atvinnuráðgjafar eru 3-4 þús. á ári af ýmsum toga eins og verkefnalistinn hér að ofan gefur til kynna.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Frá árinu 2011 hefur SSV haldið utan um almenningssamgöngur á Vesturlandi eftir að hafa tekið yfir gömlu sérleyfin með samningi við Vegagerðina. Jafnframt hefur SSV að hluta haldið utan um verkefnið fyrir Vestfirði, Norðurland vestra og leið 57 allt til Akureyrar. Haustið 2012 var núverandi fyrirkomulag tekið upp, samningur gerður við Strætó bs. um að skipuleggja leiðir, sjá um samskipti við verktaka sem aka leiðarnar og samskipti og þjónustu við notendur. Hlutverk SSV er því fyrst og fremst að vera í samskiptum við Vegagerðina og Strætó sem og að halda utan um fjármálalega umsýslu. Þær leiðir sem SSV hefur umsjón með eru;



- ✓ Leið 57 Reykjavík-Akranes-Borgarnes-Akureyri
- ✓ Leið 58 Borgarnes-Stykkishólmur
- ✓ Leið 59 Borgarnes-Búðardalur-Hólmavík
- ✓ Leið 81 Borgarnes-Hvanneyri-Reykholt-Baulan-Borgarnes
- ✓ Leið 82 Hellissandur-Vatnaleið
- ✓ Leið 83 Hvammstangi-vegamót við Þjóðveg 1
- ✓ Leið 84 Skagaströnd-Blönduós
- ✓ Leið 86 Vegamót-Hellnar

Reksturinn gekk þolanlega árið 2016 og var í jafnvægi. Það er hins vegar ljóst að farþegum fækkaði á flestum leiðum og blasir við að akstur ýmissa ferðaþjónustuaðila á leiðum SSV yfir sumartímamann fækkar verulega farþegum hjá okkur. Þetta sýnir glögg tve mikilvægt það er að ný lög um farþegaflutninga taki gildi, þar sem tryggt er að einkaleyfi á sérleiðum haldi. Á árinu fékkst styrkur frá Vegagerðinni að upphæð 2 m.kr. til að gera tilraun með akstur á nýrri leið Vegamót-Hellnar. Tilraunaverkefninu mun ljúka árið 2017 og verður þá tekin ákvörðun um framhaldið.

Þrátt fyrir að reksturinn hafi verið í jafnvægi undanfarin þrjú ár og framlag að upphæð 4,5 m.kr. hafi fengist frá Vegagerðinni til að lækka skuldir þá hefur ekki ennþá náðst að greiða að fullu þær skuldir við landshlutasamtökin sem urðu til árið 2012 á rekstri almennings-samgangna. Áætlað er að í dag séu þær um 1 m.kr. Unnið hefur verið að því að færa rekstur almennings-samgangna í Norðvesturkjördæmi inn í sérstakt félag og er stefnt að því að ljúka yfirfærslunni nú á vordögum 2017.

Loks er rétt að nefna að landshluta-samtökin hafa komið að vinnu við endurskoðun á frumvarpi um fólks-flutninga í atvinnuskyni, en frum-varpið verður lagt fram endurskoðað á vorþingi 2017. Framkvæmdastjóri SSV átti sæti í vinnuhópi á vegum landshlutasamtakanna sem fundaði með innanríkisráðuneytinu vegna



frumvarpsins. Væntingar standa til þess að frumvarpið taki á þeim ágreiningi sem verið hefur um einkaleyfi á þeim sérleiðum sem landshlutasamtökin tóku yfir með samningum við Vegagerðina árið 2011.

Rekstur almennings-samgangna er orðinn ansi stór þáttur í starfsemi SSV og mikilvægt er að vinna áfram að því að tryggja rekstrarforsendur verkefnisins, annars vegar með því að leysa fortíðarvandann frá 2012 og hins vegar með því að tryggja að reksturinn gangi upp og að framlög ríkisins verði í takt við það sem upphaflega var samið um.



ÞJÓNUSTUSVÆÐI VESTURLANDS

Í samþykktum fyrir Þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða kemur fram að stjórn SSV ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnnum á Vesturlandi. Framkvæmd samningsins er í raun í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna:

- ✓ Félagsþjónustu Akraneskaupstaðar
- ✓ Félagsþjónustu Borgarbyggðar
- ✓ Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Samhæfing þjónustusvæðisins er í höndum þjónusturáðs sem skipað er forstöðumönnum félagsþjónustunnar á þjónustusvæðinu. Hlutverk þjónusturáðsins er eftirfarandi:

- ✓ Að vinna tillögur um starfsreglur, stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar SSV
- ✓ Að skipta framkvæmd stærri verkefna á milli félagsþjónustusvæða og þjónustusvæðis Vesturlands
- ✓ Að hafa virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu

Þjónusturáð Vesturlands var skipað þeim

- ✓ Hjördísi Hjartardóttur, félagamálastjóra Borgarbyggðar
- ✓ Sveini Elinbergssyni, forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga
- ✓ Jóni Hróa Finnssyni, sviðsstjóra velferðarsviðs Akraneskaupstaðar

Jón Hrói lét af störfum hjá Akraneskaupstað í september og tók þá nýr sviðsstjóri velferðarsviðs, Svala Hreinsdóttir við sæti hans í þjónusturáðinu.

Haldnir voru þrjár fundir í þjónusturáðinu á árinu. Fundirnir voru haldnir í Borgarnesi og Ólafsvík. Störf ráðsins hafa á árinu snúist um samráð um þjónustuna og að hafa yfirsýn yfir fjármál hennar. Mikið samráð er milli fulltrúa í þjónusturáðinu í tölvupósti og símleiðis. Talsverð upplýsingagjöf og samskipti eru við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ráðuneyti vegna verkefnisins.

Tekjur þjónustuvæðis Vesturlands hækkuðu frá fyrra ári um ríflega 100 m.kr. og voru alls 590.728.000 kr. Þessum tekjum er síðan úthlutað til félagsþjónustuvæðanna samkvæmt ákveðnum reglum þar um. Kostnaður við sameiginlegan rekstur voru tæpar 2.m.kr. Varðandi fjármálin vísast að öðru leiti til ársreiknings sem liggur fyrir.

Samningur um þjónustuvæði Vesturlands um málefni fatlaðra er runninn út og þegar er hafin endurskoðun á samstarfi um þetta verkefni. Skipaður var þriggja manna hópur til að vinna að því verkefni vorið 2016. Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit sendu á árinu erindi til velferðarráðuneytisins þar sem þau óskuðu eftir að verða sérstakt þjónustuvæði. Erindið var sent til umsagnar sveitarfélaga á Vesturlandi, en niðurstaða ráðuneytisins liggur ekki ennþá fyrir.





VESTURLANDSSTOFA 2016



Verkefni Vesturlandsstofu voru fjölbreytt á árinu 2016 og verður farið yfir það helsta hér. Starfsmenn Vesturlandsstofu árið 2016 eru Kristján Guðmundsson forstöðumaður og Sonja Hille starfsmaður Upplýsingarmiðstöðvar. Á árinu var Björk Júlíana Jóelsdóttir ráðin á Markaðsstofuna í 60% starfshlutfall og sinnti starfi í upplýsingarmiðstöð yfir sumartímann.

LANDSHLUTAMIÐSTÖÐ VESTURLANDS

Vesturlandsstofa rekur Upplýsingarmiðstöð í Borgarnesi sem flokkast undir landshlutamiðstöð. Sonja Hille sér um daglegan rekstur upplýsingarmiðstöðvarinnar.

Gestir á árinu 2016 voru um 12.600 manns og er það aukning um 1.600 manns milli ára. Opnunartími yfir veturinn er 09:00-17:00 virka daga. Yfir sumartímann er opið 09:00-18:00 virka daga, á laugardögum 10:00-16:00 og sunnudögum 12:00-16:00.

ÚTGÁFUMÁL

Vesturlandshandbókin er gefin út árlega. Var hún prentuð í 40.000 eintökum og dreift á alla helstu staði á Vesturlandi og upplýsingarmiðstöðvar um allt land. Fyrirtækið R3 sá um dreifingu.

Vesturlandsborðkort var prentað í 80.000 eintökum og dreift um allt Vesturland og til upplýsingarmiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig var unnið með Heimi útgáfufélagi að blaðauka fyrir Vesturland sem Vesturlandsstofa kom að. Blaðið fór á áskrifendur um allan heim auk þess sem Vesturlandsstofa fékk nokkur hundruð eintök til að nýta til kynningarmála.

FERÐASÝNINGAR

Markaðsstofur landshlutanna standa fyrir sameiginlegri kynningu fyrir aðila sína í Reykjavík undir nafninu Mannamót. Mannamót var haldið 21. janúar í flugskýli Ernis og 35 fyrirtæki af



Vesturlandi tóku þátt. Sóttar voru tvær ferðasýningar, Vestnorden sem haldin var 5-7. október í Reykjavík og Mid- Atlantic sem haldin var 5. febrúar í Reykjavík.

Forstöðumaður Markaðsstofunnar tók þátt í vinnustofum í Kanada og Bandaríkjunum dagana 17.-20. október. Borgirnar Montréal, Boston og Washington voru heimsóttar og fundað með rúmlega 50 ferðaskrifstofum.



SAMSTARF MARKAÐSSTOFANNA

Markaðsstofur landshlutanna vinna náið saman að hagsmunum landsbyggðarinnar. Í fyrsta skipti í ár stóðu markaðsstofurnar fyrir sameiginlegri ráðstefnu um málefni landsbyggðarinnar. Ráðstefnan var haldin í Iðnó 15. september og var fullt hús. Áherslan þetta árið var á dreifingu ferðamanna um landið.

UPPSKERUHÁTÍÐ

Uppskeruhátíð var haldin í Stykkishólmi 24. nóvember. Dagurinn hófst á fyrirlestrum á Hótel Fransiskus en eftir hádegi var ýmis starfsemi í Stykkishólmi skoðuð og var af nægu að taka. Dagurinn endaði svo á Narfeyrarstofu þar sem hópurinn borðaði saman en alls tóku þátt rúmlega 40 manns.

HEIMSÓKNIR ERLENDRA BLAÐAMANNA

Tekið var á móti fjölda blaðamanna í samstarfi við Íslandsstofu. Nýtt samstarf hófst á árinu þegar við fórum að vinna með 66°Norður. Þeir hafa verið að kynna vörurnar sínar á Norðurlöndunum og höfum við verið að taka á móti blaðamönnum í samstarfi við þá og vonandi vex það samstarf.





Söludeild Icelandair í Norður Ameríku kom á Vesturland í nóvember með allt sitt starfsfólk og fór út á Snæfellsnes og upp í Borgarfjörð og kynnti sér nýja þjónustu og áfangastaði á Vesturlandi.



VEGVÍSIR Í FERÐAÞJÓNUSTU (DMP)

Undirbúningur hófst á stóru verkefni sem unnið verður á landsvísu undir heitinu DMP eða Destination Management Plan, þar sem unnið verður að áætlun um uppbyggingu áfangastaða í ferðaþjónustu. Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofa hafa haldið utan um undirbúning en verkefnið er eitt af forgangsverkefnum í Vegvís. Markaðsstofa Vesturlands hefur séð um undirbúning á Vesturlandi og búið er að ráða verkefnastjóra, skipa svæðisráð fyrir allt Vesturland og vinnuhópa sem munu sjá um vinnuna á hverju svæði fyrir sig.

EFLING FERÐAÞJÓNUSTU Á VESTURLANDI

Verkefnið efling ferðaþjónustu á Vesturlandi hélt áfram á síðasta ári og voru nokkur verkefni innan þess.

Keypt var skýrsla af Rögnum Guðmundsýni hjá Rannsóknir og ráðgjöf. Sú skýrsla gefur mynd af stöðunni á Vesturlandi árin 2010-2015 en skýrslan mun nýtast í vinnu DMP á Vesturlandi og gefur góða mynd af stöðu mála á hverju svæði.

Einnig var ákveðið að fara í átak í markaðssetningu og fólst það m.a. í að gera myndband fyrir Vesturland. Einnig tengdist áður nefnd ferð framkvæmdastjóra á vinnustofur í Bandaríkjunum og Kanada þessu verkefni en þar kynnti hann ferðaþjónustu í landshlutanum.





VIÐAUKI: STYRKIR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI VESTURLANDS 2015

ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKIR

Umsækjandi	Verkefnisheiti	Úthlutun
asco HARVESTER	Frumgerð asco Viking	2.500.000
Vör Sjávarransóknasetur við Breiðafjörð	Notkun hliðar-sónars við leit að drauganetum í Breiðafirði	2.100.000
Vör sjávarransóknarsetur við Breiðafjörð	Fjöruvísir fyrir Breiðafjörð, handa nemendum grunn- og framhaldsskóla og ferðamönnum	1.500.000
asco Harvester ehf	Lokafrágangur á smíði Sigra	1.500.000
Eiríksstaðanefnd	Söguldarsýning í Leifsbúð	1.400.000
Sláturhús Vesturlands	Endurgangsetning Sláturhúss í Borgarnesi	1.300.000
Ingimar Oddsson	Dularfulla búðin - Handan við sundin blá	1.000.000
Traust þekking ehf.	Markaðssetning á Protein Tec	1.000.000
Þorgeir & Ellert hf.	Undirbúningur innleiðingar á nýrri tækni við samsuðu á álplötum og þekkingaryfirfærsla tengd því.	900.000
Geir Guðjónsson	Hagkvæmni fjárfestinga	800.000
Félag skógarbænda á Vesturlandi	Viðarmagnsúttekt á Vesturlandi	800.000
Heiðar Mar Björnsson	Portland - nýsköpunarskrifstofa	800.000
Heiðar Mar Björnsson	Að vestan - Vesturland, 36 þátta sería fyrir sjónvarp	700.000
Kaja organic ehf	8 lífrænar raw Kaju tertur	700.000
Rebecca Cathrine Kaad Ostefeld	Dýragarðurinn á Hólum í Dalabyggð	700.000
Villtar Vestur Ferðir ehf.	Villtar Vestur Ferðir ehf.	650.000
Hestamiðstöðin Borgartún ehf	Afþreying tengd hestamennsku á Akranesi	600.000
Anna Rún Kristbjörnsdóttir	Blue shell of Iceland	600.000
Valdís Gunnarsdóttir	Dalahestar, hestaleiga í Búðardal	600.000
Bjarteyjarsandur sf	Hvalfjörður, jarðfræðisafn undir berum himni	600.000
Lavaland ehf.	Lavaland- hagleikssmiðja í Grundarfirði	600.000
Jóreykir ehf	Visiting HorseFarm	600.000
Heimir Berg Vilhjálmsson	Wonplay	600.000
Drífa Gústafsdóttir	Akranes APP	550.000
Franziska Maria Kopf	Sjúkraþjálfun fyrir hesta - vöruþróun, kynning og markaðssetning	500.000
Reynir Guðbrandsson	Iceland Up Close - vetur og myrkur í Haukadal	500.000
Ræktunarstöðin Lágafelli ehf	Snæfellska kryddið Sæhvönn	500.000



Health & Wellness Travel	Health & Wellness Travel (heilsutengd ferðapjónusta á Vesturlandi)	400.000
Kaja organic ehf	Íslenskt pasta úr lífrænt vottuðum hráefnum	350.000
Hernámssafnið að Hlöðum (Ísípísý ehf.)	Rafrænn leiðarvísir og ratleikur um Hernámssafnið (Njósnaarinn)	300.000
Daníel B. J. Guðrúnarson	Skaga Rásin	300.000
Bogi Kristinsson og Ingibjörg Dögg Kristinsdóttir	Skarðsstöð - viðskipta- og framkvæmdaáætlun	300.000
Svanhvít Gísladóttir	Þróun, markaðsetning of framleiðsla felgu kantlása fyrir jeppa	300.000
Sigríður Theodóra Sigbjörnsdóttir	Theodóra	300.000
Valgerður Jónsdóttir	Travel Tunes Iceland	300.000
Sigríður Þóra Óðinsdóttir	Menningarsetur í Brákarey //Undirbúnings- og þróunarstyrkur	300.000
Sæúlfur slf.	Fiskur á borðum í Búðardal.	250.000
	SAMTALS	27.700.000

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR

Umsækjandi	Verkefnisheiti	Úthlutun
The Freezer ehf	Frystiklefinn - Menningarmiðstöð á Snæfellsnesi	1.000.000
Snorrastofa í Reykholti	Rekstur Snorrastofu, menningar- og miðaldaseturs	1.000.000
Byggðasafnið Görðum, Akranesi	Steinaríki Íslands	1.000.000
Ljósmyndasafn Akraness	Arfur í myndum á Ljósmyndasafni Akraness	500.000
Norska húsið	Áfram veginn	500.000
Safnahús Borgarfjarðar	Átaksverkefni á sviði varðveislu	500.000
Átthagastofa Snæfellsbæjar	Átthagastofa Snæfellsbæjar - Rekstrarstyrkur	500.000
Dalabyggð	Eiríksstaðir í Haukadal	500.000
Íslenskir eldsmiðir	Færanleg eldsmiðja	500.000
Sjómannagarðurinn á Hellissandi	Sjómannagarðurinn á Hellissandi - Rekstrarstyrkur	500.000
Ólafsdalsfélagið	Sumarrekstur í Ólafsdal í Gilsfirði 2016	500.000
Listvinafélag Stykkishólmskirkju	Listvinafélag Stykkishólmskirkju - Sýningaraðstaða	300.000
	SAMTALS	7.300.000



MENNINGARSTYRKIR

Umsækjandi	Verkefnisheiti	Úthlutun
Sigríður Þóra Óðinsdóttir	Plan B // Borgarbyggð	1.000.000
The Freezer ehf	Sumarleikár Frystiklefans 2016	1.000.000
Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi	Útgáfutónleikar Þjóðlagaveitar Tónlistarskólans á Akranesi "Raddir sem aldrei hljóðna"	1.000.000
Landnámssetur Íslands ehf	Menningarviðburðir í Landnámssetri Íslands	600.000
Reykholtshátíð / Sigurgeir Agnarsson	Reykholtshátíð 2016, 20. hátíðin	600.000
Leikdeild Umf Skallagríms	Aldarafmælis dagskrá Leikdeildar Umf. Skallagríms	500.000
Snorrastofa	Barnamenningarhátíð í Reykholti vorið 2016	500.000
Blús og Djassfélag Akraness	Blúshátíð Akraness 2016	500.000
Snorrastofa	Fyrirlestrar og viðburðir í Snorrastofu	500.000
Búdrýgindi ehf.	Hið blómlega bú 4	500.000
Byggðasafnið Görðum, Akranesi	Keltneskur menningararfur, sýning og samstarf	500.000
Dögg Mósesdóttir	Northern Wave International Film Festival	500.000
Rjómabúið Erpsstaðir	Skyrið	500.000
Tónlistarskóli Stykkishólms f.h. TónVest	TónVest á Nótuna 2016	500.000
Félag nýrra Íslendinga	Þjóðahátíð Vesturlands	500.000
Áttthagastofa Snæfellsbæjar	Fjölmenningarhátíð í Snæfellsbæ	400.000
Lovísa Lára Halldórsdóttir	Frostbiter: Icelandic Film Festival	400.000
Gyða L. Jónsdóttir Wells	Líf mitt í list	400.000
Listvinafélag Grundarfjarðarkirkju	Menningarstarfsemi allt árið í tilefni af 50 ára afmæli Grundarfjarðarkirkju	400.000
Safnahús Borgarfjarðar	Skytturnar (vinnuheiti)	400.000
DreamVoices ehf	Töfrar himinsins - kvikmynd	400.000
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes	Virkjum sköpunargleðina	400.000
Anna Leif Elísdóttir	Ömmurnar - málverkasýning	400.000
Jónína Guðnadóttir	Breið	300.000
Íslenskir eldsmiðir	Eldsmíði, fræðsluverkefni	300.000
Hafþór Smári Guðmundsson	HAMRONIUM - sköpun hljóðfæris	300.000
Kalman - listafélag	Kalman-listafélag. Listviðburðir á Akranesi	300.000
Karlakórinn Söngbræður	Karlakórssöngur á Vesturlandi	300.000
Listvinafélag Stykkishólmskirkju	Listvinafélag Stykkishólmskirkju - dagskrá 2016	300.000
K. Hulda Guðmundsdóttir	Skorradalur - á öllum árstímum. Ljósmyndun og sýning.	300.000



Norska húsið, Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Skotthúfan 2016	300.000
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Aton húsgögn	250.000
Ljósmyndasafn Akraness	Bannárinn á Íslandi 1915-1935	250.000
Leikdeild Skallagríms	Blessað barnalán leikrit eftir Kjartan Ragnarsson	250.000
Nemendafélag Fjölbrautaskólans á Akranesi NFFA	Fullkomið brúðkaup / Leikrit FVA	250.000
Stórsveit Snæfellsness	Funky Snæfellsnes	250.000
Júlíana - hátíð sögu og bóka	Júlíana - hátíð sögu og bóka	250.000
Landbúnaðarsafn Íslands ses	Konur breyttu búháttum - Saga Mjólkurskólans á Hvanneyri og Hvítárvöllum	250.000
Ungmennafélag Reykdæla	Leikstarf í dreifbýli	250.000
Norska húsið – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði	250.000
Áttthagastofa Snæfellsbæjar	Sýningar á vegum Áttthagastofu	250.000
Tónlistarfélag Borgarfjarðar	Afmælishátíð / tónlistarveisla	200.000
Reykholtskórinn	Kórsöngur af sérstökum tilefnum.	200.000
Leir 7 ehf	Rakubrennsla á keramiki og eldsmíði	200.000
Vitbrigði Vesturlands	Ráðstefnuhlé	200.000
Logi Bjarnason	Running Wild in the West (Poetry Film)	200.000
Michelle Bird	Salvaged Design Showroom & Internet platform	200.000
Kór Akraneskirkju	St John Passion eftir Bob Chilcott í Dymbilvíku	200.000
Sögustofan – Félag um sögu og sagnalist.	SÖGUVAGNINN BRANDÞRÚÐUR	200.000
Freyjukórinn í Borgarfirði	Tónleikahald og samvinnuverkefni Freyjukórsins.	200.000
Alexandra Chernyshova (DreamVoices ehf kt.611207-4330)	Tónleikar í tilefni 280 ára Giovanni Battista Pergolesi á Vesturlandi	200.000
Jónína Erna Arnardóttir	Tónleikar Trio Danois á Íslandi í júní 2016	200.000
Steinunn Guðmundsdóttir	Umbreyting - Eitthvað verður annað	200.000
Hilmar Sigvaldason	Ungir sumartónar	200.000
Sigríður Þóra Óðinsdóttir	Videoverk / stuttmynd - Borgarbyggð	200.000
Hernámssetrið (Ísípísý ehf)	Viðskiptaáætlun Hofið	200.000
Áttthagastofa Snæfellsbæjar	Örnefnaskráning í Snæfellsbæ	200.000
Valdís Gunnarsdóttir	Flugdrekasmíðja í Leifsbúð	190.000
Bókasafn Akraness og Leikfélagið Skagaleikflokkurinn	Skáldin á Skaga. Gengið um gamla Skagann og lesið úr verkum Skagaskálda.	160.000



Gleðigjafi kór eldri borgara Borgarness og nágrennis	Gleðigjafi kór eldri borgara	100.000
Ólafur K. Guðmundsson	Kóramót Hljóms kórs eldri borgara Akranesi	100.000
Bókasafn Akraness	Kvöldstund á bókasafninu, bókmenntakvöld	100.000
Félag nýrra Íslendinga	Òran mór (Gaelic for the 'great melody of life')	100.000
Bókasafn Akraness	Ritsmiðja unga fólksins - það er gaman að skrifa sögu	100.000
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Vatnið	100.000
	SAMTALS	21.450.000